

Umhverfis- og skipulagssvið heilbrigðiseftirlit

	Eining1	Áætlun 2019	Esk. áætlun 2019	Drög að áætlun 2020		
				Gjöld	Tekjur	Mismunur
Skrifstofa heilbrigðiseftirlits	U5200	25.019	25.177	24.751		24.751
Matvælaeftirlit	U5210	26.800	27.951	95.872	69.277	26.595
Umhverfiseftirlit	U5220	32.248	33.721	109.583	77.572	32.011
Vöktun	U5230	27.363	27.659	26.454		26.454
Hundaftirlit	U5250	(745)	(286)	33.070	33.800	(730)
Heilbrigðiseftirlit		110.685	114.222	289.730	180.649	109.081
Heilbrigðiseftirlit		110.685	114.222	289.730	180.649	109.081

Greinargerð v. starfs- og fjárhagsáætlunar 2020 – Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Almennt: Starfsemi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er áætluð árið 2020 með hefðbundnu sniði í framfylgd laga og reglugerða. Megin starfsemin fer fram skv. starfs- og eftirlitsáætlunum með reglubundnu eftirliti í starfsleyfisskyld fyrirtæki, eftirfylgni og útgáfu starfsleyfa til samræmis við ákvæði laga og reglugerða sem Heilbrigðiseftirlitið framfylgir. Starfsáætlun er unnin í samræmi við mannafla þar sem reiknuð eru út mannár og verkefni miðað við tíma í eftirliti og tíðni eftirlits skv. áhættumati sett inn. Fyrirtæki eru áhættumetin og svo er forgangsraðað miðað við mikilvægi og það sem hægt er að komast yfir. Einnig eru helstu verkefni tekin inn í starfsáætlun, s.s. leyfisveitingar auk áætlaðra kvartana sem berast og símenntun starfsfólks.

Heilbrigðiseftirlitið sinnir umfangsmikilli samfélagsþjónustu sem erfitt er að áætla tíma í. Leiðbeiningar til rekstaraðila starfsleyfisskyldra fyrirtækja og almennings er fyrirferðamikill liður hjá Heilbrigðiseftirlitinu. Rýningu gagna er varða umsagnabeðinir bæði varðandi lög og reglugerðir auk annarra umsagna sem snerta verksvið Heilbrigðiseftirlitsins er áætluð umfangsmikil á árinu. Rannsóknir á kvörtunum og eftirfylgni vegna þeirra er stór hluti af starfseminni og hefur aukist mikið milli ára, sérstaklega hjá umhverfiseftirlitinu. Kvartanir (mínus hundaeftirlit) eru áætlaðar 1400 árið 2020. Eftirlitsferðir eru áætlaðar u.þ.b. 4000. Fara þarf í fjölmörg sameiginleg eftirlitsverkefni á landsvísu með hinum níu heilbrigðiseftirlitssvæðunum í landinu, Matvælastofnun og Umhverfisstofnun. Heilbrigðiseftirlitið tekur þátt í stefnumótunavinnu og faghópum varðandi lögboðin verkefni með yfirstofnunum og fagráðuneytum auk þess að taka þátt vegna sérfræðiþekkingar með sérfræðingum Umhverfis- og skipulagsviðs varðandi umhverfismál aðallega.

Mönnun og verkefnastaða: Enn hefur ekki fengist heimild fyrir aukningu um eitt stöðugildi hjá Heilbrigðiseftirlitinu/umhverfiseftirliti þriðja árið í röð. Umhverfiseftirlitið hefur þurft að bæta á sig umtalsverðum verkefnum og hafa t.d. kvartanir sem rannsaka og sinna aukist gífurlega, breytingar á mengunarvarnareglugerð hafa haft í för með sér aukna vinnu t.d. vegna auglýsinga starfsleyfa og eins eru talverðar breytingar boðaðar á lagaumhverfi hollustuhátta og mengandi fyrirtækja á árinu svo eitthvað sé nefnt. Stöðugildi hjá Heilbrigðiseftirlitinu í dag eru 23, en eitt stöðugildi fékkst til viðbótar í matvælaeftirlit árið 2017. Þrátt fyrir það er forgangsroðun þar ennþá mikil og hefur enn bæst við verkefni s.s. eftirlit vegna matvælasnertiefna, dreifing matvæla á netinu, fullyrðinga, fæðubótarefna og aukin sýnataka m.a. varnarefnaleyfar og kjötsýni.

Ljóst er að ekki verður hægt að komast yfir lögboðin verkefni og forgangsraða þarf enn meira en þegar er. Kröfur aukast ár frá ári til vandaðra stjórnsýsluhátta, aukinna krafna um upplýsingar til almennings, aukinna lagakrafna o.s.frv.

Tölvukerfi: Vonir standa til að nýtt tölvukerfi komi í gagnið á árinu. Tölvukerfi, sérstaklega skortur á upplýsingatæknikerfi, er og hefur verið í langan tíma hamlandi á störf Heilbrigðiseftirlitsins, hindrar gagnaskil, hamlar samantektum úr eftirliti og fleiri þáttum. Birting niðurstaðna úr reglubundnu heilbrigðiseftirliti með starfsleyfisskyldum fyrirtækjum sem boðuð var í greinargerð 2019 hefur gengið vel og almenn ánægja með þá þjónustu. Möguleiki er að nota það kerfi meira þegar ný tölvukerfi koma. Eins er verið að vinna að því að útvega fjármagn í að byggja „brýr“ milli nýs kerfis Heilbrigðiseftirlitisins, yfir í kerfi yfirstofnanna hjá ríkinu til að koma nauðsynlegum upplýsingum á milli. Vinna verður áfram á árinu með vefteymi borgarinnar bæði við að þróa heimasíðu Heilbrigðiseftirlitisins og að vinna áfram að rafrænum lausnum. Tilkoma nýs skjalavistunar- og upplýsingatæknikerfi mun verða áskorun sem útheimtir mikinn tíma starfsfólks í að aðlaga starfseminni.

Sérstök verkefni 2020 utan hefðbundinna: Hjá umhverfiseftirliti þarf að fara í könnun á olúgeymum í borginni, uppfærslu á starfsleyfisskilyrðum, sýnatöku úr fráveitu fyrirtækja með olúgildrum, vinna

áfram við samræmt áhættumat í hollustuhátta- og mengandi fyrirtækjum, aukinn vinna við yfirferð á skipulagsgögnum vegna mats á umhverfisáhrifum, hreinsunarátak t.d. á Esjumelum, vinnsla skoðunarhandbókar um mengunar- og hollustuháttamál, svo eitthvað sé nefnt. Hjá matvælaeftirlitinu mun verða aukning í sýnatöku á kjöti á markaði vegna reglugerðabreytinga sem taka gildi á árinu. Einnig er boðið aukning í sýnatöku á grænmeti. Unnið verður að endurskoðun á skoðunarhandbók heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, endurskoðun á áhættumatskerfi fyrir matvælafyrirtæki, gerð samræmræmdra leiðbeininga vegna innkallana á matvælum auk gerð starfsleyfis skilyrða og leiðbeiningar fyrir matvælafyrirtæki. Eining vöktunar mun áfram sinna verkefni með Umhverfisstofnun og Landhelgisgæslu um sýnatöku á forgangsefnum í sjó.

Fjármál/Gjaldskrár: Boðað hefur verið að rannsóknakostnaður Matís mun hækka á árinu á bilinu 4-6%. Sá liður mun hafa talsverð áhrif enda sýnatökur stór þáttur í starfi Heilbrigðiseftirlitsins. Hækkunar á öðrum liðum liggja ekki fyrir á þessari stundu en ljóst er að kjarasamningar eru lausir en ákvarðanir um launahækkunar liggja ekki fyrir. Gjaldskrár Heilbrigðiseftirlits vegna mengunar og heilbrigðiseftirlits hækkuðu um áramótin 2018/2019 um 2% og er tímagjald fyrir útselda þjónustu kr. 14.100. Gjaldskrá vegna hundaeftirlits hefur ekki hækkað síðan 2016. Skoða þarf báðar gjaldskrár og hvort vilji sé til hækkana.

Tekjur vegna eftirlits og leyfisveitinga verða áætlaðar með svipuðu sniði og fyrri ár. Engin aukning á eftirliti eða tekjum vegna eftirlits eru sjáanleg miðað við óbreytt stöðugildi. Hins vegar er ekki ljóst hvernig tekjur vegna skráninga skráningarskyldra fyrirtækja verður en sú breyting sem boðið er af umhverfis- og auðlindaráðuneyti mun líklega bitna mest á fyrirtækjunum sjálfum vegna tvöfaldrar skráninga, eftir á kröfum á fyrirtæki o.fl.

Samantekt: Ljóst er að enn frekari forgangsröðun á lögboðnum verkefnum er nauðsynleg miðað við óbreytt ástand mönnunar og verkefnastöðu en þegar er. Nauðsynlegt er að sveitarfélagið, sem ber að reka heilbrigðiseftirlit og heilbrigðisnefnd komi að vinnu með Heilbrigðiseftirlitinu hvernig hægt er að bregðast við stöðunni. Taka þarf meðvitaðar ákvarðanir hvort forsvaranlegt er að forgangsráða frekar, hverju mætti þá mögulega sleppa að framfylgja til viðbótar við það sem þegar þarf að sitja á hakanum og/eða hvaða verkefni væri hægt að flytja til annarra ef ekki fást aukin stöðugildi.

Reykjavík 9. september 2019, Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri

Hollustuháttaeftirlit: Skólar, barnagæsla, sundstaðir, íþróttamannvirki, heilbrigðisstofnanir, snyrtigeirinn, leiksvæði, húsnæðisskoðanir, skipaskoðanir v. sóttvarnavottorða, útisamkomur, umsagnir um tækifærisleyfi, kvartanir o.fl. Leiðbeiningar og fræðsla.

Matvælaeftirlit: Eftirlit með matvælafyrirtækjum þ.á.m. öllum veitingastöðum. Eftirlit með gististöðum. Markaðseftirlit með matvælum. Eftirlit með neysluvatni. Rannsókn matarsýkinga. Kvartanir. Sérstök úttektarverkefni/eftirlitsverkefni m.a. á landsvísu. Umsagnir til sýslumanns vegna rekstrarleyfa o.fl. Eftirlit með frumframleiðendum matjurta og matvælasnertiefni. Leiðbeiningar og fræðsla.

Mengunarvarnaeftirlit: bílageirinn, bensínstöðvar, verkstæðisrekstur ýmis konar, mengandi matvælaeiðnaður, meðhöndlun úrgangs, fráveita, búfjár- og dýrahald, efnaiðnaður, skotvelli, líkbrennslur, ýmis konar tímabundinn atvinnurekstur, t.d. niðurrif bygginga, brennur, flugeldasýningar o.fl. Umgengni á borgarlandi. Kvartanir. Eftirlitsverkefni á landsvísu. Umsagnir. Leiðbeiningar og fræðsla.

Vöktun umhverfis: Loftgæði, vöktun áa og vatna, vöktun strandsjávar og lóðir og lendur, hávaði t.d. umferðarhávaði. Vöktun vatnsverndarsvæðisins. Sýnatökur og rannsóknir. Umsagnir um lög, reglugerðir, skipulag og fagleg málefni umfangsmikill þáttur í starfseminni í samráði við aðrar deildir Heilbrigðiseftirlitsins eins og við á. Leiðbeiningar og fræðsla, gefa út fréttatilkynningar um loftgæði o.fl.

Hundaeftirlit: Framfylgja hundasamþykkt í Reykjavík með markmiði að bæta hundahald og sætta ólík sjónarmið, fjölga skráðum hundum, taka lausagönguhunda, rannsóknir á kvörtunum og eftirfylgni mála.

